

Um svæðið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt, annað en viðhald núverandi húsa og túna, er bannað. Vitastofnun Íslands hefur rétt til þeirra framkvæmda, sem nauðsynlegar eru vegna vita og varnargarða, enda sé Náttúruverndarráð haft í samráði um nývirki.
2. Umferð óviðkomandi fólks er bönnuð á tímabilinu 1. maí til 1. júlí. Utan þess tíma er gangandi fólk heimil för um svæðið og að því eftir fjörum eða öðrum opnum gönguleiðum.
3. Óheimilt er að aka um svæðið og fara þar með hesta án sérstaks leyfis. Starfsmönnum Vitastofnunar Íslands er heimil eðlileg umferð um svæðið með ökutæki, enda sé sú umferð takmörkuð við þjónustu vitans og aðra starfsemi Vitastofnunar á staðnum.
4. Öllum er skylt að ganga vel og hreinlega um friðlandið.
5. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf, skaða varp og fara um friðlandið með skotvopn. Óheimilt er að fara með hunda um friðlandið og hvers konar vist hunda er það bönnuð.

Náttúruverndarráð getur falið náttúruverndarnefnd Seltjarnarneskaupstaðar umboð sitt til framkvæmda á friðlýsingunni að nokkru eða öllu leyti.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið samþykkir hér með friðlýsingu þessa, og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 219/1974.

Menntamálaráðuneytið, 10. janúar 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Runólfur Þórarinsson.

ARÐSKRÁ

fyrir **Veiðifélag Bolungarvíkur.**

Arður skiptist í 8 hluti á milli jarða, sem land eiga að veiðisvæðinu.

Jarðir:		Núverandi eigendur:
Ós	3/8 hlutar	Högni Pétursson.
Gil	1/8 —	Birgir Bjarnason.
Miðdalur	1/8 —	Birgir Bjarnason að 3/4 og Högni Pétursson að 1/4.
Hanhóll	1/8 —	Jóhann Hannibalsson.
Geirastaðir	1/8 —	Ólafur Zakaríasson.
Hóll	1/8 —	Bolungarvíkurkaupstaður.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. janúar 1984.

Jón Helgason.

Ragnheiður Árnadóttir.